

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um tekjuskattsgreiðslur banka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar hafa tekjuskattsgreiðslur íslensku bankanna verið árin 1980–2006, sundurliðaðar eftir fyrirtækjum og árum?

Yfirlitið hér að neðan sýnir álagðan tekjuskatt lögaðila sem skráðir voru með rekstur í atvinnugrein 65120, rekstur banka og sparisjóða, samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, íslensku atvinnugreinaflokkuninni, ísat-95, rekstrarárið 2005. Félög sem starfað hafa í atvinnugreininni á tímabilinu en hætt hafa rekstri eru því ekki talin með í yfirlitinu. Ekki er um sundurliðun eftir fyrirtækjum að ræða þar sem skattfyrvöldum ber að gæta fyllsta trúnaðar við meðferð á upplýsingum sem unnar eru úr framtölum lögaðila, sbr. 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Yfirlitið sýnir tekjuskatt sem lagður var á þessi félög á hverju ári allt frá árinu 1993 vegna tekna ársins 1992. Upplýsingar um álagningu árána 1980 til 1992 liggja ekki fyrir á aðgengilegu formi hjá embætti ríkisskattstjóra og því er ekki unnt að veita upplýsingar um þau ár. Upplýsingarnar byggjast á álagningarseðlum vegna álagningar lögaðila árin 1993 til 2006, á tekjur árána 1992 til 2006, og miðast þær við stöðu álagningargagna strax að loknum framtalsskilum í október ár hvert, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna síðbúinna framtalsskila og kærumeðferðar.

Álagning lögaðila 1993 til 2006

**Tekjuskattur lögaðila sem skráðir voru í atvinnugrein 65120,
rekstur banka og sparisjóða, við álagningu 2006**

Álagningarár	Fjöldi	Tekjuskattur
1993	71	191.783.724
1994	77	203.099.056
1995	81	158.145.057
1996	84	180.194.228
1997	86	213.801.694
1998	87	230.791.814
1999	89	180.118.161
2000	92	88.347.502
2001	95	103.731.257
2002	96	1.274.668.019
2003	102	1.592.826.617
2004	102	1.296.135.113
2005	103	4.198.388.028
2006	105	11.314.002.657